

## Fundargerð 395

Föstudaginn 1. júní 2012 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Hjalti Árnason, Jóhann Arnarson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Dís Óladóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:15 bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar.
3. Áhættugreining, framhald frá síðasta fundi.
4. Greining útlánatapa eftir sveitarfélögum og atvinugreinum.
5. Greining á samfélagslegum ávinning lánastarfsemi Byggðastofnunar.
6. Fundargerð lánanefndar.
7. Breyting á verklagsreglum.
8. Önnur mál.
9. Næsti fundur.

Dagskráin samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar. Fundargerði samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

AÐ og MH fóru yfir rekstur stofnunarinnar fyrstu fjóra mánuði ársins.

AÐ fór í gegnum starfsáætlun og sagði frá heimsóknum starfsfólks Byggðastofnunar til Finnvera í Finnlandi og Væksfonden í Danmörku sem eru stofnanir sem sinna svipuðu hlutverki og Byggðastofnun. Taldi hann að gera þyrfti gagngerar breytingar á stuðningskerfinu og uppbyggingu stofnunarinnar. Reynslan sýndi að það fjárhagslega markmið lánastarfseminnar að verja eigið fé að raungildi sé ekki raunhæft í því rekstrarumhverfi sem stofnuninni er búið.

Rætt var um að fá Hólmsfríði Sveinsdóttur á næsta fund stjórnar til að segja frá sóknaráætlun landshluta.

### 3. Áhættugreining, framhald frá síðasta fundi.

AÐ hélt áfram yfirferð á helstu áhættum í rekstri stofnunarinnar frá síðasta fundi en komið var að hlutafjár- og fullnustueignum.

Óskað var eftir því að fyrir fund í september yrði kynningin uppfærð með nýjum fjárhagsupplýsingum og settar upp í töfluformi svo þær gæfu betri yfirsýn.

Rætt var um möguleika á sölu þessara eigna og hvort ekki væri rétt að fara í söluátak og fara í markvissa vinnu að losa um litla eignarhluti í félögum sem stofnunin á hlut í.

#### **4. Greining útlánatapa eftir sveitarfélögum og atvinugreinum.**

AP og MH fóru í gegnum afskriftir útlána árána 2000-2011 sem dreift var með fundargögnum.

Óskað var eftir því að bætt yrði við upplýsingum um hlutfall afskrifta af lánasafni, skiptingu eftir vinnusóknarsvæðum og pr. íbúa. Einnig verða teknar saman afskriftir hlutafjár frá sama tímabili.

Formaður sagði frá fyrirspurn á Alþingi til iðnaðarráðherra um búsetuþróun á Raufarhöfn.

Skýrsla um samfélög sem búa við viðvarandi fólksfækkun er að koma út. Ræddar hugmyndir um að taka Raufarhöfn sem dæmi, halda íbúafund, skoða hverjir eru möguleikarnir, hverjar eru lágmarkskröfur íbúa, hvernig getur ríkið komið á móti.

#### **5. Greining á samfélagslegum ávinning lánastarfsemi Byggðastofnunar.**

Í starfsáætlun ársins 2012 er í 14. lið um lánastarfsemi Byggðastofnunar, áætlað verkefni um að meta samfélagslegan ávinning af lánastarfsemi Byggðastofnunar eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinum og tekjur ríkis- og sveitarfélaga af viðskiptavinum stofnunarinnar og starfsmönnum þeirra. Í 19. lið er verkefni um að kynna samfélagsleg áhrif lánastarfsemi Byggðastofnunar með ítarlegum hætti fyrir almenningi, stjórnvöldum og helstu hagsmunaaðilum.

AP fór yfir lýsingu á verkefninu sem dreift var í minnisblaði til stjórnar, en starfsfólk fyrirtækjasviðs er að hefja söfnun gagna.

#### **6. Fundargerð lánanefndar.**

*Fundargerð 10/12, 9. maí 2012*

AP kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð 11/12, 25. maí 2012*

AP og JA kynntu fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

## 7. Breyting á verklagsreglum.

Í kjölfar umræðu á vettvangi stjórnar Byggðastofnunar kynntu AÐ og HÁ tillögu að breytingu á verklagsreglum varðandi sölu fullnustueigna.

Breytingatillagan felur í sér að grein 10.1 í verklagsreglum Byggðastofnunar breytist og yrði eftirfarandi:

*Allar eignir sem Byggðastofnun innleysir vegna uppboðs eða gjaldþrots ber að auglýsa til sölu á almennum markaði. Að jafnaði leitast stofnunin við að selja slíkar eignir svo fljótt sem unnt er. Þær skulu að jafnaði ekki leigðar nema áður hafi verið reynt án árangurs að selja þær. Forstjóri ákveður hverju sinni hvernig standa skuli að sölu, t.d. varðandi tilboðsfrest, lágmarksboð og skilmála. Lánanefnd Byggðastofnunar hefur heimild til að ákvarða um sölu eigna þar sem söluverð er undir 20 m.kr. í samræmi við almenna söluskilmála, en annars þarf stjórn að samþykkja sölu. Samkvæmt almennum söluskilmálum er þess krafist að greitt sé að lágmarki 10% kaupverðs við undirskrift, önnur 10% á árinu, en afgangur lánaður til allt að 20 ára gegn 1. veðrétti í hinni seldu eign.*

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

## 8. Önnur mál.

*Stoðþjónusta á Vestfjörðum*

Formaður og AÐ lögðu til að Byggðastofnun dragi sig út úr stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, ATVEST á næsta aðalfundi félagsins en feli Fjórðungssambandi Vestfirðinga umboð stofnunarinnar í stjórn félagsins.

Samþykkt samhljóða.

*Almannatengsl*

SH spurðist fyrir um almannatengsl og hvernig þeim málum miðaði. Formaður og AÐ eru að vinna í þeim málum.

## 9. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn í júlí ef tilefni gefst til, en annars fyrir lok ágúst þegar afgreiða þarf hálfársuppgjör stofnunarinnar. Tímasetningar verða ákveðnar síðar.

Alþjóðlega ráðstefna um byggðamál verður haldin 3.-5. september á Ísafirði. Rætt var um að stjórn myndi mæta þangað og halda stjórnarfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:08

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---

---